



Hvað með húfuna mína?

Það er óþarfi að hræðast! Lúsín lifir eingöngu í hársverðinum þar sem hún getur étíð og verið í friði. Lúsinni líður best á heitum hársverðinum og deyr fljótt ef hún fer úr hárinu. Henni kemur ekki til hugar að yfirgefa hárið þitt og hársvörð, þar sem nóg er af mat og vinum, til að hýrast á stólbaki, í greiðu eða í húfu. Lúsín fer ekki nema hún finni höfuð sem er að minnsta kosti jafn gott og það sem hún býr í.

Ef þú samt sem áður finnur lifandi lús í fötunum þínum eða á koddanum er það ekki lúsinni að kenna. Það er örugglega vegna þess að þú hefur greitt þér eða klórað þér lengi í höfðinu. Lúsín deyr á 1-2 sólarhringum - úr hungri og kulda - ef hún verður viðskila við höfuð þitt.



Prioderm® hársápa (malathion 10 mg/g) 40 g

Prioderm® hársápa drepur höfuðlús og nit. Til að hindra endursmit á að endurtaka meðferðina eftir 1-2 vikur.

Notkunarleiðbeiningar, hafi læknir ekki fyrirskipað annað: Vætið hárið lítillega með volgu vatni, þrýstið u.þ.b. 5 cm af hársápunni úr túpunni í hendina og nuddið vandlega í rakt hárið þar til sápan freyðir vel. Í þykkt hár skal nota aukalega 5 cm af hársápunni. Nauðsynlegt er að sápan nái alveg niður í hársvörðinn. Látið froðuna bíða í hárinu í 4-5 mín. Gætið þess vandlega að ekki berist sápa í augun. Skolið því næst hárið mjög vel. Berið aftur sama magn af hársápu í blautt hárið og látið froðuna bíða í aðrar 4-5 mínútur. Skolið hárið mjög vandlega og kambið það með lúsakambi áður en það er þurrkað.

Prioderm® áburður (malathion 5 mg/ml) 55 ml

Prioderm® áburður drepur höfuðlús og nit. Til að hindra endursmit á að endurtaka meðferðina eftir 1-2 vikur.

Notkunarleiðbeiningar, hafi læknir ekki fyrirskipað annað: 25 ml af áburðinum er nuddað vandlega í þurrt hárið og hársvörðinn þar til hárið er orðið vel rakt. Látið hárið síðan þorna án þess að nota handklæði, hárþurrku eða annað þess háttar. Gætið þess að áburðurinn berist ekki í augu. Eftir 12 klst. skal þvo hárið með venjulegri hársápu og kamba það síðan vel með lúsakambi meðan það er enn blautt. Vegna upplausnarefnisins getur fólk fundið fyrir sviða í fyrstu, en hann hverfur.

Berist lyfið í augu skal skolað vandlega með vatni.

Lyfin eru ekki ætluð börnum undir 2ja ára aldri nema undir eftirliti læknis.

Þeir sem eru oft í snertingu við Prioderm® skulu nota gúmmí- eða plasthanska.

Varúð - Geymið lyf þar sem börn ná ekki til.

Leiðbeiningar um notkun fylgja hverri pakkningu lyfjanna.



THORARENSEN LYF

Umboð á Íslandi:
Thorarensen Lyf ehf.



Norpharma AS
Bygstubben 11,
2950 Vedbæk
Danmörk

Lús!



Hvernig fær maður lús
og hvernig losnar
maður við hana?

... hvað þá?

Prioderm®

Hvernig fæ ég lús?

Lús getur hvorki hoppað né flogið. Hún skríður - frá einu höfði á annað. Þú verður að vera mjög nálægt öðrum til að smitast. Þegar tvö höfuð snertast kemst höfuðlúsinn auðveldlega á milli. Engin bein tengsl eru á milli hreinlætis og höfuðlúsar. Lúsinn fer ekki í manngreiningarálit. Tíður hárpvottur getur ekki komið í veg fyrir að þú fái lús eða fjarlægt lúsina úr hárinu.



Þegar ein lítil lús verður að mörgum!

Lúsinn er alltaf önnur kafin. Fyrst þarf kvenlús að para sig við karllús. Síðan verpir kvenlúsinn 7-8 litlum eggjum á dag. Þau eru minni en 1 mm og það getur verið mjög erfitt að koma auga á þau. Kvenlúsinn límir eggin mjög fast við hárið. Eftir um 8

daga klekjast eggin út. Út koma örmáar lýs. Tóm nitin verður eftir föst við hárið og fylgir hárinu þegar það vex. Nit sem situr föst í meira en 1/2 cm frá hársverðinum er yfirleitt útklakin eða dauð. Gulhvít nit við hársvörðinn er líklegast lifandi. Lýs geta parað sig aðeins 10 daga gamlar og byrjað að verpa eggjum. Lýs geta lifað í mánuð. Eins og þú sérð hafa þær nóg að gera og geta fjölgað sér hratt á skömmum tíma.



Hversu stór er lúsinn?

Það fer allt eftir því hversu gömul hún er. Ung lús er minni en 1 mm. Hún hefur hamskipti þrisvar sinnum áður en hún verður fullorðin, en þá er hún orðin á stærð við eldspýtuhaus. Það getur verið erfitt að koma auga á hana, því hún hreyfir sig mjög hratt, sérstaklega ef lýst er á hana. Þá flýtir hún sér í burtu til að fela sig á dimmum stað.



Hvað étur lúsinn?

Lúsinn bitur gat á húðina með sterkum klóm og nærst á blóði sem hún sýgur úr hársverðinum. Meðan hún étur gætir hún þess að blóðið storkni ekki með því að sprauta eins konar þynningarvökva í hársvörðinn. Hún gefur þér einnig örlítið staðdeyfiefni svo þú uppgötvir ekki að lúsinn sé í veislumáltíð í hárinu. Lúsinn étur fimm sinnum á dag. Meðan lúsinn er í hári þínu getur þig klæjað í hársvörðinn.



Farðu burt, lús!

Ef einhver vina þinna eða bekkjarfélaga hefur lús færð þú skilaboð heim til foreldra þinna. Þá þurfa þau, jafnvel með lúsakambi, að skoða vel á þér hárið og kíkja í hársvörðinn til að sjá hvort þú sért einnig með lús. Ef þú ert með lús er sem betur fer auðvelt að losna við hana. Í apótekum er hægt að kaupa sérstaka hársápu sem drepur bæði lús og nit eftir eina meðferð. En það er nauðsynlegt að foreldrar þínir kambi þér með lúsakambi í nokkra daga, til að fullvissa sig um að þú hafir ekki smitast aftur. Leitað er lúsa með því að skipta hárinu með nokkurra cm milli-bili þannig að allur hársvörðurinn sé skoðaður. Einnig þarf að meðhöndla aðra í fjölskyldunni ef þeir hafa lús. Það er mjög mikilvægt að hárið sé skoðað á öllum í fjölskyldunni til að athuga hvort þeir séu með lús.

